

SUDURLANDSUMDÆMI

DEILD 11

ÅRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1983.

1. Veðurfar ársins.

- 1.1. Veturinn frá áramótum tel ég að hafi verið í meðallagi góður. Umhleypingasöm veðrátta í janúar og töluverður snjór. Í febrúar og mars var risjótt veðrátta, en snjólítið í það heila. Apríl var kaldur en hlýnaði seinustu dagana í maínuðinum. Maímánuður var góður en klaki í jörðu víða til tafar. Veturinn og vorið frekar kalt. Sumarið var úrkamusamt og mjög kalt m.ö.o. eitt versta sumar, sem ég man á mínum starfsferli. Haustið var kalt og úrkoma aðeins minni en um sumarið. Veturinn til áramóta kaldur og snjór mikill í desember. Árið í heild verð ég að telja eitt það kaldasta og úrkumumesta sem ég man.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2.1. Laufgun og lauffall birkis.

Laufgun á birki af Bæjarstaðakvæmi tel ég að hafi verið um 10. júní. Miða ég þá við garða á Selfossi. Um svipað leyti er oftast laufgun á Þórmörk. Kræðan í uppsveitum laufgast oftast 10 dögum síðar. Sitkagreni var að sprengja af sér brumknappa um 17. júní. Lauffall var um 20. sept.

2.2. Vöxtur.

Árvöxtur var eftir árferðinu mjög lítill. Það litla, sem óx, var stafafura, sem stóð sig best.

2.3. Fræfall.

Fræfall var mjög lítið og engu fræi safnað.

2.4. Skaðar.

Eftir árferði hefði mátt búast við sköðum á trjágróðri, en svo var ekki ef undan er skilið frostskaðar er urðu 18. júlí, en þá fraus töluvert, svo mikið að vatnslagni 1/2" - 3/4", sem lágu óeinangraðar ofan á jörðu frusu það mikið að vatn stöðvaðist í þeim. Skaðar urðu á nývexti aðallega á sitkagreni, sem stendur á flatlendi, þar urðu skaðar upp í 1 m hæð. Ekki sá á trjágróðri, sem stendur í brekkum.

3. Starfsfólk.

Samtals komust 20 manns á launaskrá hjá deild 11 á árinu. Laun og aðrar greiðslur til þessa fólks urðu kr. 1.650.750.-. Af þessu fólk í eru tveir fastráðir starfsmenn (B.S.R.B.), sem starfa allt árið. Til þeirra urðu greiðslur kr. 605.657.-. Þess skal getið að annar af þessum starfsmönnum, Böðvar Guðmundss. starfaði í $4\frac{1}{2}$ mánuð hjá deild 09 Hallormsstað, en mánaðarkaup var fært hjá deild 11. Samtals urðu greiðslur til A.S.Í.-fólks kr. 1.045.093. Innifalið í þessari tölu er vinna fyrir aðra, kr. 50.118.-.

Samtals voru vinnumánuðir 74,46 eða 6,12 starfsárs. Eknir voru 12.778 km á starfsmannabílum og greiddar fyrir það kr. 91.400.-, sem gerir kr. 7,16 pr. km.

Eftir mánuðum skiptist lausráðið fólk þannig:

jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sep.	okt.	nóv.	des.
1	1	1	1	8	14	14	11	7	3	3	2

4. Girðingar.

4.1. Viðhald.

Girðingaeftirlit og viðgerðir voru samkvæmt venju. Byrjað var á viðgerðum uppúr miðjum maí og verið að með hléum út júní.

Ástand þeirra var ekki sem verst eftir veturinn. Sumar girðingar eru orðnar ansi gamlar og lasburða og þarf nauðsynlega að fara að endurgirða þær á köflum, s.s. Þórsmörk, Þjórsárdal og Skarfanes-girðingar. Girðingar á Laugarvatni, Hrauntúni og í Skaftafells-sýslu eru það góðar að mjög líttill viðhaldskostnaður hefur verið á þeim. Þó geta svo sem komið það miklir snjóavetur að viðhaldskostnaður verði all verulegur á þeim.

Vinnulaunkostnaður við allar girðingarnar varð kr. 60.798.- og þar af eru starfsmannabílar kr. 11.114.-.

5. Skógarhögg.

5.1. Jólatré.

Í ár var borinn áburður á jólatrésreiti eins og undanfarin ár.

Þó var ekki notuð flugvél eins og oft áður, aðeins handdreift

Nú brá svo við vegna kaldrar veðráttu að trén urðu aldrei fallega græn og ekki bætti úr skák að haustfrost komu snemma og þessi leiðinlegi guli blær lagðist á trén fyrir ofan miðju. Byrjað

var að höggva jólatré 31. október og verið að til 18. nóvember, en þá fór fyrsti bílfarmurinn til Landgræðslusjóðs, en síðasti bíll fór 30. nóv., fyrir utan svolitla miðlun síðustu daga fyrir jól. Nettósala á jólatrjám var kr. 797.089.-.

Vinnulaunakostnaður vegna jólatrjáa varð 113.269.-.

5.2. Stærðarflokkar af seldom jólatrjám.

Stærð	Rauðgreni	Stafafura
0.70 - 1.00	220	2
1.01 - 1.25	538	79
1.26 - 1.50	581	63
1.51 - 1.75	512	32
1.76 - 2.00	339	22
2.01 - 2.50	164	12
2.51 - 3.00	22	
3.00 - 4.00	22	
4.00 - 5.00	14	
<u>6.00 - 7.00</u>	<u>1</u>	
<hr/> <u>Samtals</u>	<hr/> <u>2.413</u>	<hr/> <u>210</u>

6. Gróðursetning.

6.1. Bjórsárdalur.

Gróðursetning hófst 21.maí og var að mestu lokið fyrir mánaðamótin júní - júlí. Aðeins 726 plöntum var plantað síðsumars.

Gróðursetning var framkvæmd með bjúgskóflum svo og plöntunar-rörunum nýju, sem eru nánast bylting í gróðursetningartækni.

Mest var gróðursett í Lambahöfða að þessu sinni, eða allri stafafurunni, sem kom frá Grúndarhóli. Lítið er orðið eftir af stórum samfelldum svæðum óplöntuðum í Bjórsárdal, innan skógar. Nokkuð er af skæklum víðsvegar um skógin, sem hafa orðið eftir við fyrstu yfirferð. Heldur verður tafsamt að gróðursetja í þá, en verður þó að gerast á næstu árum.

6.2. Skarfanes.

Í Skarfanes var farið 27. júní og verið þar í hálfan mánuð, aðallega við gróðursetningu. Eingöngu var plantað lerki (fjölpottar) og víðast sett inn í lágt víðikjarr. Mikil afföll hafa orðið á nýgróðursettum plöntum í Skarfanesi undanfarin ár,

sérstaklega þar sem gróðursett hefur verið í skóglauð land. Vafalaust er hér um að kenna næturfrostum, sem urðu mjög slæm á flatneskjunni eftir að plöntur fara að vaxa. Svo fór í sumar í næturfrostinu sem kom 18. júlí, nývöxtur drapst allur, aðeins er spurning hvort einhver brum hafað niður við rótahálsinn. Greidd vinnulaun vegna gróðursetningar kr. 92.441.-.

6.3. Gróðursetning.

Þjórsárdalur - vor.

Stafafura Haines 1/0 p. C 045 G (R. 2919 - 30360)	30.060 ✓
Sveigfura 2/0 br. H (R. 2414 - 225, 2210 - 23, 2204 - 2)	250 ✓
Sibírílerki Plesesky Rajon 1/0 p G. (R. 2031 - 726)	726 ✓
Rússalerki MoDo 1/2 m. C 018 T (R. 1023 - 400)	1.900 ✓
Rússalerki MoDo 1/2 m. C 054 (R. 2918 - 3820, 2815 - 814, 2406 - 2001)	6.635 ✓
Rauðgreni Vefelst. 2/0 p. B 802 (R. 2036 - 3300)	3.300 ✓

Samtals 43.172

42.871

Skarfanes - vor

Rússalerki MoDo 1/0 p. C - 058 G. (R. 1115 - 2062, 1212 - 11137, 1317 - 4537, 1409 - 3712, 1421 - 2475, 1525 - 827)	24.750 ✓
---	----------

Samtals plantað 67.922

67.621

7. Hirðing skóga.

7.1. Þjorsárdalur.

Sagaður var teinungur frá barrplöntum í eftirtöldum reitum. R. 2135 - 2143 - 3121 - 2037 - 2033 - 2913 - 2915 - 2916 - 2917 - 2815 - 3330 - 3213 - 3215. Eru þetta bæði jólatrésreitir og annað. Þá var grisjað (avstandsregulering) í sitkagrenireit 3117, og söguð niður birkibeltin þar sem grenið var komið tölувvert upp ú birkinu. Einnig var grisjaður sitkabastarðs-reiturinn 3119 pl. 1960 og fengust þar nokkuð af stórum jólatrjám

þar á meðal eitt torgtré, 6 - 7 m. Ekki var unnið grisjun í öðrum girðingum en Þjórsárdal.

7.2. Áburðargjöf.

Sumarið nýttist illa til áburðargjafar sökum mikillar úrkomu.

Trén virtust ekki ná að taka áburðinn upp. Á reit 2036 (jólatré)

Var borið á tvisvar og varð svolítil svörun eftir síðari áburðargjöfina. Lágur sumarhiti hefur eflaust haft hér einhver áhrif.

Borið var á eftirtalda reiti: 3330 - 3331 - 2036x2 - 3410.

Notaður var græðir 4. Öll umhirða og áburðargjöf kostaði í vinnulaunum kr. 139.025.-.

8. Vélar og verkfæri.

8.1. Vörubifreiðin X - 2395.

Engin sérstök stórviðgerð var við X - 2395 í ár, aðeins venjulegt viðhald. Sóluð voru tvö dekk og kostaði það rúmar 11 þús. krónur.

Samtals varð reksturs- og viðhalsdkostnaður kr. 96.681.-.

8.2. Landrover X- 139.

Það verður að segjast eins og er að reksturinn á X - 139 gekk mjög illa á árinu. Ég held það væri fljótlegra að að telju upp hvað ekki bilaði í bílnum, heldur en það sem bilaði. Á haustdögum hættum við að gera við bílinn og lögðum honum. Nú vonast maður til að fá nýtt verkfæri með vorinu.

Reksturs- og viðhalsdkostnaður varð kr. 67.566.-.

8.3. Vinnuvélar og verkfæri.

Í vor var keypt notuð Ford - dráttarvél á kr.70.000.- af Kristni Skæringssyni. Var sú dráttarvél aðeins notuð á Þórsmörk, í sambandi við girðinguna þar og svo vegna ruslahreinsunar á útivistarsvæðinu og annars er viðkom ferðafólki. Þetta er díiesel - dráttarvél og stóð hún sig vel í öllu vatnssullinu, sem þar er. Zetor - dráttarvélin sem keypt var í fyrra stóð sig afburða vel við girðingar- og aðra vinnu, s.s. jólatréstöku o.fl..

Gamla Ferguson dráttarvélin (1952) er orðin svo leleg, að ég held að það verði að afskrifa hana sem vinnuverkfæri. Samtals varð viðhalds- og rekstrarkostnaður dráttarvéla kr. 36.514.-.

9. Ýmislegt.

9.1. Starfsmannafund Skógræktar ríkisins sat ég í Reykjavík dagana 15.- 17. mars, þar sem rædd var og gerð starfsáætlun ársins.

Nokkur fundarhöld voru á vegum skógræktarfélaganna í umdæminu og sat ég flesta þá fundi. Ferðalög mín á starfsárinu voru svo til eingöngu í skóglendi Skógræktar ríkisins í umdæminu, og þá í sambandi við vinnu og framkvæmdir á hverjum stað.

9.2. Ferðafólk.

Eins og tvö síðastliðin sumur voru þau Árni Ingólfsson og Íris Marelsdóttir gæslumenn hjá okkur í Þórsmörk í summar. Gæslan var frá júníbyrjun til ágústloka. Hugsuðu þau um tjaldsvæðin, höfðu eftirlit með girðingunni. Eins og áður var Þórsmörkin lokað um Hvítasunnuna og hófst gestakoma í Morkina því ekki fyrr en um um 17. júní, en um þá helgi voru taldar 100 jeppabifreiðar á svæðinu, auk margra hópferðabifreiða. Í summar var reist í Básum fyrirtaks vatnssalernisaðstaða, vöskum komið fyrir bæði inni og úti, afmarkað bílastæði o.fl. Þar eignum við eftir að borga okkar hlut í eins og lofað hefur verið. Í Þjórsárdal lánuðum við bónanum á Skriðufelli tjaldsvæðin í summar eins og í fyrra. Kostnaður af útivistarsvæðinu í Þórsmörk í summar varð kr. 187.042.- en innkomið fyrir tjaldgjöld kr. 51.870.- og fyrir löggæslu kr. 57.000.--

Selfossi, 31.12.1983.


Garðar Jónsson